

Samþykktir fyrir Hollvinasamtök Öldrunarheimila Akureyrar

1. grein

Félagið heitir Hollvinasamtök Öldrunarheimila Akureyrar, í samþykktum þessum skammstöfuð ÖA. Það er stofnað 31. október 2017 af velunnurum og stjórnendum ÖA. Félagið er til heimilis að Austurbyggð 17, 600 Akureyri, og varnarþing þess er á Akureyri.

2. grein

Tilgangur félagsins er að styðja við ÖA með framlögum, styrkjum og sjálfböðastarfi og að tilnefna stjórnarmenn í stjórn Gjafasjóðs ÖA kt. 520704-2130 samkvæmt samþykktum hans. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að safna félagsmönnum og styrkjum frá fyrirtækjum og félögum sem ráðstafað er til hagsbóta fyrir íbúa, starfsfólk og starfsemi ÖA almennt. Félagið stundar ekki atvinnurekstur.

3. grein

Félagsaðild hafa þeir sem eru 18 ára og eldri og eru fjárráða. Fyrirtæki, félagssamtök og opinberir aðilar geta orðið félagar. Aðeins félagsmenn eru kjörgengir til stjórnar og hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.

4. grein

Stjórn félagsins skal skipuð fimm félagsmönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að fimm varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum formanns, ritara, gjaldkera og tveggja meðstjórnenda. Formaður er í forsvari fyrir félagið og boðar til funda að lágmarki tvisvar á ári og oftast þegar þörf er á. Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Ritari færir fundargerðir og heldur hollvínaskrá. Stjórnin skal halda gerðabók um fundi og í hana skulu allar ákvarðanir bókaðar. Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður af stjórn eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok almanaksársins. Reikningar félagsins skulu endurskoðaðir af kjörnum endurskoðanda.

5. grein

Stjórn ákveður hvernig fjármunum félagsins skuli ráðstafað í samræmi við tilgang þess. Félagið tekur við öllum framlögum sem ætlað er að veita tilgangi félagsins brautargengi. Stjórnin skal leitast við að verða við fyrirmælum gefanda um sérgreinda ráðstöfun gjafar hans enda sé það í samræmi við megintilgang félagsins. Öldrunarheimili Akureyrar skipa áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt, til setu á stjórnar- og félagsfundum Hollvinasamtakanna.

6. grein

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega.

7. grein

Ávaxta skal fjármuni félagsins á tryggn hátt og er stjórn heimilt að fela verðbréfafyrirtæki, eða viðskiptabanka að annast fjárvörslu fyrir félagið.

8. grein

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs.

9. grein

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. september ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað.

Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

10. grein

Ákvörðun um slit á félaginu skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna þá eignir þess til ÖA.

11. grein

Samþykktir þessar voru samþykktar á stofnfundi Hollvinasamtaka Öldrunarheimila Akureyrar þann 31. okt. 2017.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnfélagar Hollvinasamtaka ÖA teljast þeir sem gerast félagsmenn á tímabilinu frá stofnfundi og til og með 31. des. 2017.

Akureyri 31. okt. 2017.

Stjórn Hollvinasamtaka ÖA skipa:


Formaður


Ritari


Gjaldkeri


Meðstjórnandi


Meðstjórnandi